



Samanburður á hagkvæmni nokkurra
stóriðjukosta

Gunnlaugur Jónsson, Birgir Árnason

Greinargerð GJ-BÁ-80/01

ORKUSTOFNUN Raferkudeild

Greinargerð
GJ-BA-80/01

Samanburður á hagkvænni nokkurra stóriðjukosta

Gunnlaugur Jónsson
Birgir Árnason



Reykjavík
júní 1980

Dags.
1981-07-30Tilv. vor
JB/GJ/at

Dags.

Tilv. yðar

Iðnaðarráðuneytið,
ARNARHVOLOI,

101 Reykjavík.

Varðar: Framleiðslu á benzíni, gasoliu og þotuelsneyti úr svartoliu og rafgreindu vetni.

Hjálagt sendist hinu háa ráðuneyti greinargerð, sem unnin hefur verið á Orkustofnun. Greinargerðina unnu Gunnlaugur Jónsson og Birgir Árnason, og er hún hluti af vinnu Orkustofnunar að orkubúskap Íslands og leit að hagkvæmum vinnsluferli til að breyta vatnsorku í eldsneyti.

Í greinargerðinni eru bornir saman þrír stóriðjukostir:

1. álframleiðsla, 2. framleiðsla benzíns úr kolum og vetni, 3. framleiðsla á benzíni, gasoliu og þotuelsneyti úr svartoliu og rafgreindu vetni.

Meginniðurstöður miðað við, að greidd séu 17,5 mill/kWh fyrir raforkunni, eru eftirfarandi:

- a. Rekstur álvers stendur í járnum og virðist ekki uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru í greinargerðinni um arð af fjárfestingu.
- b. Framleiðsla benzíns úr kolum og vetni er ekki hagkvæm, vegna þess hve mikla raforku og vetni þarf til framleiðslunnar.
- c. Framleiðsla benzíns, gasoliu og þotuelsneytis úr svartoliu og vetni með svokallaðri "hydrocracking" aðferð litar út fyrir að vera mjög arðbær, miðað við þær aðstæður, sem rikja á olíumörkuðum nú.

Helztu forsendur fyrir þessari athyglisverðu niðurstöðu eru eftirfarandi:

1. Vetrnisnotkunin er tiltölulega lítil, eða sem nemur 4% af þunga afurðanna, ef notuð er svartolia sem hráefni. Ef notuð eru kol, er vetrnisnotkunin allt að 30% af þunga afurðanna. 600.000 tonna "hydrocracðar" notar 1260 Gwh raforku, en áætlað er, að 110.000 tonna benzínverksmiðja, sem vinnur úr kolum, noti 1700 Gwh raforku.

./.


2. Svartoliuverð hefur verið mun stöðugra en verð á benzíni og gasoliú, sem stafar af því að svartolia keppir við kol og gas til raforkuframleiðslu og í iðnaði. Ef svartolia hækkar í verði, þá er tiltölulega auðvelt að minnka notkun hennar með því að brenna kolum eða gasi. Sama er ekki hægt að segja um benzín og gasoliú.

3. Framleiðslugeta er takmörkuð á þessu sviði í heiminum um þessar mundir, vegna þess hve dregið hefur úr notkun brennsluoliú í iðnaði og til raforkuframleiðslu.

4. Vetni er mjög verðmætt í olíuhreinsunarstöðvum, þar sem það er notað í "hydrocracker", einnig til að eyða brennisteini og köfnunarefni úr oliunni og bæta brennslueiginleika hennar. Í venjulegri olíuhreinsunarstöð er einungis takmarkað magn vetnis, sem hægt er að vinna úr oliunni sjálfri, án þess að það komi niður á afurðamagninu.

Að mati Orkustofnunar er rétt að fylgja þessari niðurstöðu eftir með sérfræðilegri athugun á hagkvæmni "hydrocracking" svartoliuhreinsunar, sem notar rafgreint vetni. Í því sambandi hefur Orkustofnun einkum í huga The Lummus Company Ltd. í London, sem gerði athugun á olíuhreinsunarstöð á Íslandi árið 1973, og gerði OS vinnutilboð í nóvember 1979. Æskilegt er, að þeim verði sem fyrst falið að athuga hagkvæmni olíuhreinsunar á Íslandi, og sérstaklega að athuga þann möguleika að nýta rafgreint vetni til að breyta svartoliú í verðmætari olíuvörur.

Allra virðingarfyllst,



Jakob Björnsson.

Agrip

Reynt er að meta og bera saman hagkvænni þriggja tegunda stériðju:

1. Álframleiðslu
2. Framleiðslu tilbúins bensíns úr kolum og vetni
3. Framleiðslu bensíns og annarra léttar **olíuafurða** úr svart-olíu og vetni

Niðurstöður lauslegra útreikninga benda til þess að framleiðsla áls, hvort sem er í nýrri verksmiðju eða í viðbét við álverið í Straumsvík, standi í járnum, framleiðsla tilbúins bensíns úr kolum og vetni komi ekki til greina hvernig sem dæmið sé skoðað en vinnsla bensíns og annarra verðmætra olíuafurða úr svartoliú með því að nota vetni virðist hins vegar mjög álitleg, bæði frá efnahagslegu og orkulegu sjónarmiði. Þótt olíuhreinsun af þessu tagi sé vel þekkt og víða notuð er nauðsynlegt að gera mun ýtarlegri athugun áður en hægt verður að fullyrða hvort hagkvænt sé að koma á fót svona olíuhreinsunarstöð hér á landi eða ekki.

Efnisyfirlit

Ágrip.....
Efnisyfirlit.....
1 Inngangur.....
2 Framleiðsluaðferðir eg verðmætasköpun.....
2.1 Álframleiðsla.....
2.2 Tilbúið bensín úr kelum og rafgreindu vetni.....
2.3 Bensín úr svarteliu.....
3 Er öll erka eins?.....
4 Samanburður á örkujafnvægi.....
4.1 Álframleiðsla.....
4.2 Tilbúið bensín úr kolum og rafgreindu vetni.....
4.3 Bensín úr svarteliu.....
5 Hagkvæmni.....
5.1 Álframleiðsla.....
5.2 Tilbúið bensín úr kolum og rafgreindu vetni.....
5.3 Bensín úr svarteliu.....
Viðauki: Oliuhreinsun.....
Viðauki: Rekstraráætlun.....
Heimildir.....

1. Inngangur

Þær raddir heyrast nú æ eftar er telja að vá steðji að íslensku efnahagslifi nema skjétt verði gripið í taumana. Einkum er því haldið fram að fiskveiðar eg fiskiðnaður, sem berið hafa uppi hagvöxt undanfarinna áratuga, nálgist óðfluga náttúruleg takmörk sín. Framundan sé því stöðnun íslensks efnahagslífss með til-heyrandi atvinnuleysi, landfléttu eg versnandi líffskjörum ef ekki verði hlúð að nýjum vaxtarspre tum atvinnulífsins.

Þótt ástandið sé hér án efa málæð of dökkum litum er fyllsta ástæða til að huga að nýjum atvinnugreinum til að tryggja nága og fjölbreytta atvinnu í framtíðinni eg draga úr þeim reglu-bundnu efnahagssveiflum sem eru fylgifiskur ekkar einhæfa fisk-veiðipjölfelags.

Löngum hefur verið til þess ætlast að iðnaður taki við, er tímar liðu, vaxandi fjölda starfandi manna. Af þessu hefur ekki orðið enda hefur iðnaðurinn hér á landi átt erfitt uppdráttar vegna sláms aðbúnaðar innanlands og harðrar samkeppni við gamalgróinn iðnað erlendis. Einnig er ljóst að ýmis náttúruleg sérkenni lands og þjóðar hafa staðið íslenskum iðnaði fyrir þrifum. En vegna síhækkandi orkuverðs í kjölfar óliukreppunnar hafa veður skipast í lofti.

Orkulindir landsins, vatnsafl og jarðhiti, hafa ekki verið beisl-aðar nema að litlu leyti og verða varla nekkurn tíma nýttar að marki nema til komi örkuverðs. Engum skyldi því koma á óvart sá endurnýjaði ákafi sem hlaupið hefur í umræðu um örku-frekan iðnað á Íslandi að undanförnu. Öll umræða um stóriðju er holl og góð, málavextir skýrast og auðveldaraverður fyrir stjórnvöld að taka ákvörðun um hvort og þá hvaða örkuverðs stér-iðja verður sett á laggirnar hér. Nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir hvaða kröfur verður að gera til örkuverðs iðnaðar. Hann verður einkum að uppfylla eftirtalin þrjú skilyrði:

1. Verður að vera hagkvæmur í rekstri þannig að hann skili arði til áframhaldandi eflingar örkuverðs iðnaðar og almenns hagvaxtar.
2. Verður að falla að þjóðhagslegum markmiðum um eflingu atvinnu-lífs, umhverfisvernd og meirihlutaeign íslendinga á öllum iðnaði í landinu.
3. Orkjafnvægið verður að vera jákvætt þannig að framleiðslu-afurðirnar innihaldi jafnmikil eða meiri örkuverðmæti en hrá-orkan.

Síðasttalda atriðið verður skýrt nánar í því sem á eftir kemur.

Í þessari greinargerð verður fjallað um hagkvænni þriggja tegunda stóriðju, nefnilega álbrennslu og tilbúnинг bensíns, sem mjög hafa verið í brennidepli að undanförnu og að auki eina í viðbót sem líttill gaumur hefur verið gefinn til þessa en líkur benda til að sé mikillar athygli verð. Hér er um að ræða óliuhreinsun þá sem á ensku nefnist „catalytic hydrocracking“. Hún er fólgin í því að nota vetrni ásamt sérstökum hvata til að brjóta niður þungar óliusameindir í léttar, eða með örðum örðum, að auka hlutfall

vetnisfrumeinda miðað við kelefnisfrumeindir í elíunni. Með þessari elíuhreinsunaraðferð er hægt að breyta sve til allri svartelfu í bensín, gaseliú og þetueldsneyti með tiltölulega lífilli vetrnis- og raferkunekunum. Talið er framleiðslugeta í þessari grein sé mjög takmörkuð í heiminum um þessar mundir því að samtímis því sem eftirspurn eftir eldsneyti fyrir farartæki hefur margfaldast hefur framboð á auðunninni hráeliú dregist saman en í hennar stað kemið þung og brennisteinsmenguð elfa.

2 Framleiðsluaðferðir og verðmætasköpun

2.1 Alframleiðsla

Áli hefur verið framleitt á Íslandi frá árinu 1969. Á þeim ellefu árum, sem síðan eru liðin, hefur safnast fyrir veruleg þekking á þessu sviði hérlandis og litlir tæknilegir örðugleikar eru því samfara að koma á fét íslenskum áliðnaði sem er að meiri hluta eða að öllu leyti í eigu íslendinga. Eftirspurn eftir áli er nú mikil og álverð hátt. Samkvæmt nýlegum fréttum í tímaritinu "Chemical Engineering" er verð á áli á frjálsum markaði (sbr. Rotterdamverð á olíu) nú um \$1,00 á pund eða \$2.000,00 á tonn. Skráð verð er hins vegar „aðeins“ \$1.750,00 á tonn. Vegna hækkandi örkuverðs að undanförnu hefur verð á áli einnig farið hækkandi og eftirspurn verið mikil. Því er spáð að markaður fyrir ál verði áfram góður. Ljóst er að margar álverksmiðjur, sem notað hafa rafmagn framleitt með olíu, t.d. í Japan, verða lagðar niður. Einig er talið að eftirspurn eftir áli muni enn aukast með vaxandi olíukreppu þar sem sérhvert kílógramm af áli, sem notað er í sangöngutækjum í stað stáls, sparar margfalda þyngd sína í olíu.

Til að framleiða eitt tonn af áli úr súráli þarf nú um 16.000 kWh raforku. Í álverinu í Straumsvík hefur raforkunotkunin komist niður í 15.500 kWh/tonn af áli. Með nýjustu tæknini við álframleiðslu, sem einkum er fólgin í stærri rafgreiningarkerjum en áður (úr því að taka 100 kA straum í 170-200 kA), minnkar raforkunotkunin niður í 13.500 kWh/tonn af áli. Miðað við að fēb verð áls sé 90% af skráðu verði, b.e. \$1.575,00 á tonn, er framleiðsluverðmætið um \$0,117 á kWh raforku. Frá þessari upphæð má þó draga um helming vegna hráefniskaupa og fæst þá út að verðmætasköpunin er um \$0,058 á kWh raforku.

2.2 Tilbúið bensín úr kolum og rafgreindu vetni

Nýlega hefur verið gerð frumáætlun um framleiðslu bensíns úr rafgreindu vetni og innfluttum kolum. Reiknað er með að framleiðd yrðu 110.000 tonn af bensíni árlega og til þess notaðar 1.697 GWh raforku og 173.000 tonn af innfluttum kolum. Fyrir er í landinu löng reynsla og veruleg þekking á framleiðslu vetrnis með rafgreiningu. Sá hluti framleiðslunnar yrði því varla verulegt vandamál. Hins vegar er framleiðsla á kolsýru og vetrni (CO og H_2) úr kolum (coal gasification) tæknilega mjög flékin, þar sem nauðsynlegt er að skilja frá öll éæskileg efni sve sem brennisteins- og köfnunarefnissambönd (S - og N -efnasambönd). Raunar má segja að þessi þáttur framleiðslunnar sé enn á tilraunastigi og alkunna er að hagkvæma lausn á vandanum verður að sníða að þeim kolum sem notuð yrðu hverju sinni, eða sve vitnað sé í „An Energy Policy for Australia“ sem birtist í tímaritinu „Energy“ ekki alls fyrir löngu:

„Viða um heim er verið að rannsaka aðferðir til að vinna fljóandi eldsneyti úr kolum. Framleiðsla eldsneytis úr áströlskum kolum krefst nákvæmrar athugunar á brennslu- og „gösunar“-eiginleikum þeirra og þeim umhverfisvanda sem notkun þeirra til eldsneytisframleiðslu veldur hvaða aðferð sem verður fyrir valinu. Útilokað er að meta eiginleika

ástralskra kóla af reynslu af öðrum kelum..."

"Nauðsynlegt er að ráðstafa allt að \$500 milljónum til þessara athugana á næstu 5-10 árum..."

Astralíumenn treysta sér ekki til að hefja framleiðslu á elíu úr kelum án þess að gera miklar og kestnaðarsamar rannsóknir áður. Þetta er sérstaklega athyglisvert ef tekið er tillit til þess að þeir eru háðir óliuinnflutningi en flytja út kol f miklum mæli og hafa að auki langa reynslu af að nota kel til rafmagns- og gasframleiðslu.

Framleiðsla eldsneytis úr rafgreindu vetni og kelum á Íslandi er því háð innflutningi á tækni sem ekki er enn ljóst hver verður þar sem framleiðsluaðferðirnar eru enn á tilraunastigi. Til að framleiða eitt tenn af bensíni þarf rúmlega eitt og hálf tonn af kolum að verðmæti um \$90,00 og um 15.000 kWh raforku. Miðað við núverandi verð á bensíni, \$360, má áætla verðmætasköpunina \$270 á tonn bensíns eða \$0,018 á kWh raforku.

2.3 Bensín úr svartoliú

Fyrsta stig olíuhreinsunar er félgið í því að eima úr hrá-olíunni léttar olíuafurðir svo sem bensín, gasoliú og þotueldsneyti. Eftir verður þá olía sem á ensku nefnist "residual oil" en á íslensku ýmist svartolia eða brennsluolia. Þessu stigi má líkja við að skilja rjóma úr mjólk; eftir verður verðminni hluti hráefnisins, undanrennan eða svartolian. Verðmæti svartoliunnar er alltaf minna en verðmæti hráolíunnar og aðeins um helmingur af verðmæti bensíns eða gasoliú.

Með efnafréðilegri aðferð, sem nefnist "hydrocracking", er haft að breyta svartoliú í léttari olíuafurðir, þ.e. bensín, gasoliú og þotueldsneyti. Blöndu af vetni og svartoliú er dælt í gegnum hvata við 100 loftþyngda prýsting og 350°C hita. Við þennan háanrita rofna efnatengi á milli kolefnisfrumeinda og þungar sameindir klöfna í tvennt. Við klöfninginn myndast tvítengi á milli kolefnisfrumeinda. Vetnið mettar síðan kolvetnið þannig að tvítengið verður aftur einfalt. Þannig breytast langar og þungar sameindir í svartoliunni í léttar sameindir sem hæfa til notkunar í bensín, gasoliú og þotueldsneyti. Rúmgál oliunnar vex verulega og má reikna með að fá allt að 125 m³ af bensíni, gasoliú og þotueldsneyti úr hverjum 100 m³ af svartoliú. Engin úrgangsolía myndast en nekkur hluti framleiðslunnar, eða 10% miðað við þyngd, er gas. Verulegan hluta af þessu gasi, þ.e. um 7% sem er ísóbútan og bútan, má nota til blöndunar í bensín. Afganginn má selja sem gas á kúta eða nota sem eldsneyti við olíuhreinsunina.

Vetnið, sem þarf til að breyta svartoliú í léttar olíuvörur, er háð ýmsum eiginleikum svartoliunnar, svo sem eðlisþyngd og brennisteinsinnihaldi. Venjulega má reikna með að vetrnisnotkunin nemi 3-4,5% af þunga framleiðslunnar. Til þess að framleiða eitt tonn af bensíni, gasoliú og þotueldsneyti (hlutfallinu á milli framleiðsluafurða er stjórnad m.a. með hitastigi, prýstingi og vetrnismagni) þarf því 30-45 kg vetrnis. Ef reiknað er með 40 kg

vetnis á hvert tenn framleiðslu er raferkupþörfin til rafgreiningar um 2.000 kWh. Verðmætasköpunin á hvert tenn framleiðslu er frá \$160 á tenn gaseliu upp í \$213 á tenn háektan bensíns miðað við verðlag í júní 1980. Raunar er verðmæti prépan og bútan enn meira miðað við verð á innanlandsmarkaði en hann er sve litill að ekki tekur því að reikna með honum enda aðeins um 1.000 tenn á ári. Að meðaltali má reikna með að verðmætasköpunin sé \$185 á hvert tenn framleiðslu og að til hennar þurfi um 40 kg af rafgreindu vetni sem framleidd eru með 2.000 kWh raferku. Verðmætasköpunin á hverja kWh er því \$0,09.

3 Er öll erka eins?

Orkunetkun iðnaðarlandanna métadist á tímum édýrrar og auðfáanlegrar eliu. Hún óx þá veldisverti og skynsamlegri erkunýtingu var þá líftill gaumur gefinn. Þeir áhyggjulausu tímar eru liðnir. Oliukreppurnar hafa gert mönnum ljésar hætturnar sem fylgja því að stefna samfélög á þernandi uppsprettu. Leitað hefur verið ljésum legum að nýjum erkulindum og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Enginn éttast lengur að einn géðan veðurdag í næstu framtíð verði öll erka til þurrðar gengin. En mikið átak þarf til að virkja hinum nýju erkulindir og víst er að bruðlið og séunin, sem voru fylgifiskar eliupjéðfélaga undangenginna áratuga, verða ekki látin viðgangast. Nekkur tími mun samt líða þar til nýju orkulindirnar geta tekið við hlutverki sýnu og þangað til er erkusparnaður eða réttar sagt skynsamleg erkunetkun meðalið sem beitt verður gegn erkuskorti.

Pegar rætt er um orku vill það oft gleymast að myndir orkunnar eru margar og henta misjafnlega vel til ýmissa hluta. Orkumyndirnar, sem oftast er minnst á, raforka og varmaorka, eru í eðli sínu ólíkar. T.d. er auðveit að breyta raforku í varma með mikilli nýtni en varmaorku verður aldrei breytt í rafmagn nema með verulegum orkutöpum. Skýringarinnar á þeim mun, sem er á mismunandi orkumyndum, er að finna í einu af grundvallarlögmálum eðlisfræðinnar sem kennir að sérhver atburður verði til þess að óreiðan (entropy) í alheimi aukist. Óreiðustig ákvæðinnar orkumyndar er mælikvarði á gæði hennar. Þetta merkir að því lægra sem óreiðustig orkunnar er þeim mun fjölbreyttari not er hægt að hafa af henni. T.d. er hægt að gera allt það með rafmagni sem mögulegt er með varma en rafgreining verður hins vegar aldrei gerð með varma nema breyta henum fyrst í rafmagn og þá með verulegum töpum, enda er óreiðustig raforku lægra en varmaorku. Í hagnýtum tilgangi dugir oftast að flekka orkumyndir í þrennt; hágæðaorku (extra prime energy), gæðaorku (prime energy) og lággæðaorku (second rate energy). Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu algengustu orkutegunda samkvæmt ofangreindri flokkun. Þótt hagnýt sjónarmið ráði flokkuninni liggar óreiðulögmálið (2. lögmál varmafræðinnar) henni til grundvallrar:

Flokkun orkutegunda

Hágæðaorka	=	Stöðuorka
	=	Hreyfiorka
	=	Raforka
Gæðaorka	=	Kjarnerka
	=	Sólarorka
	=	Efnaorka
	=	Háhitaorka
Lággæðaorka	=	Lághitaorka

(Flokkun þessi er fengin úr „Energy in Transition“). Eins og af framansögðu má ráða gilda þær almennu reglur að þeim mun meiri sem gæði orkunnar eru þeim mun fjölbreyttari eru notin sem hægt er að hafa af henni og að orku í háum gæðaflekki verður auveld-

lega breytt í orku í lægri gæðaflekki en ekki öfugt. Skynsamleg orkunotkun felst þess vegna í því að nota ekki orku í hærri gæðaflekki en nauðsyn krefur. Engin gléra er, t.d., í því að nota óliu til að framleiða rafmagn til húshitunar og mun áreiðanlega verða frá því herfið hvar sem það er enn stundað. Í framhaldi af þessu viljum við mælast til þess að hin miklu gæði raferkunnar verði höfð í huga þegar ákveðið verður hvaða örku frekum iðnaði verði komið á fót hér á landi. Ef tryggja á samkeppnisaðstöðu örku freks iðnaðar á Íslandi má hann ekki heyja samkeppni við iðnað í öðrum löndum sem kemst af með orku í lægri gæðaflekki.

Mörgum kemur án efa spánskt fyrir sjénir að sjá sélarerkuna talda gæðaorku eins og gert er hér að framan. Ástæðan er efalaust sú hversu óbein notin, sem við höfum af sélinni, eru. Berum saman sélarorku og efnaorku en báðar þessar örku tegundir eru flokkaðar sem gæðaorka. Erfitt er að safna sélarorku saman og geyma hana. Hún er dreifð í rúmi þar sem tiltölulega lítil örka fellur á hverja flatareiningu og einnig í tíma þar sem víðast skín sélín einungis hluta úr sélarhringnum. Efnaorka er aftur á móti víða samþjöppuð í miklum óliulindum og kolanáum. Olía er einnig auðveld í geymslu og flutningi. Vegna þessa eðlismunar á sélarorku og efnaorku verður olía fyrir valinu þar sem þörf er á mikilli orku á litlu svæði, svo sem í farartækjum. Sélarorkan er hins vegar beislud með hjálp nytjajurta ýmiss konar eða með uppgufunariónum sem þakið geta stór landsvæði með lítilli fjárfestingu á flatareiningu. Efnaorkan (kol, olía), sem hægt er að geyma og flytja er verslunarvara í sjálfu sér, en sélarorkan verður aldrei sold sem slík, þótt afurðir framleiddar með aðstoð hennar séu mjög verðmætar og stórr þáttur í heimsversluninni.

4 Samanburður á orkujafnvægi

Eins eg áður er getið er ekki öll orka jafnverðmæt. Til að endurspeglar þann mun sem er á erkutegundum hefur viða verið notað hugtakið **elfuígildi** (oil equivalent) eða **kelaígildi** (coal equivalent). Samkvæmt þessum mælikvarða hafa kol og olía verið berin saman miðað við varmaerku en rafmagn metið 2,86 sinnum herra (1/0,35) vegna þess að erkunýtni kela- og elfurafstöðva er í besta falli 35%. Nú á tímum **elfukreppu** má segja að þessi mælikvarði sé **erðinn úreltur** þar eð hann endurspeglar ekki þá staðreynd að olía er mun þægilegri í netkun en kol og hefur þess vegna mun fjölbreyttara netkunarsvið. Á næstu áratugum er líklegt að eldsneyti, sem hingað til hafa verið unnin úr olíu, verði í ríkum mæli framleitt úr kolum. Það er því skeðun höfunda að tími sé til kominn að taka upp nýjan mælikvarða þar sem olía og kol verði ekki berin saman miðað við varmaerkuinnihald heldur verði olían metin herra sem nemur nýtninni við að breyta kolum í olíuafurðir og gas. Almennt er nú talið að þessi nýtni sé á bilinu 40-60%. Sé miðað við að nýtnin við framleiðslu á hreinsuðum olíum og gasi sé 40% en á hreinsuðum 60% má segja að hreinsuð olía sé 2,5 sinnum verðmætari en kol og á hreinsuð olíu, svartolíu og jarðolíu 1,7 sinnum verðmætari en kol. Samkvæmt framansögðu er sett fram eftirfarandi tillaga um orkuígildi:

Tegund orku		kelaígildi
1 kWh kolaorku	Jafngildir	1 kWh
1 kWh hráelfuorku	-	1,7 kWh
1 kWh orku úr unninni olíu	-	2,5 kWh
1 kWh raforku	-	2,85 kWh

Orkujafnvægi þeirra briggja framleiðslugreina, sem nefndar eru í þessari greinargerð miðað við **efangreind hlutföll**, er sýnt hér á eftir.

4.1 Álframleiðsla

Til að framleiða eitt tonn af áli úr súráli þarf 13.500 kWh raforku sem svara til 38.475 kWh kolaorku samkvæmt töflunni hér að framan. Ef raforkan væri framleidd með svartelíu væri orkuígildið mun herra eða 65.400 kWh kolaorku. Sú erkunotkun, sem gefur lægst kelaígildi, önnur en netkun raforku frá vatnsaflsvirkjun, er kolanetkun en kelaígildi hennar er að sjálfsögðu lið sama. Rafgreining súráls felur því í sér eftirfarandi orkujöfnu:

$$13.500 \text{ kWh raforku} \rightarrow 38.475 \text{ kWh kolaorku}$$

4.2 Tilbúið bensín úr kolum og rafgreindu vetni

Orkujafnan fyrir framleiðslu tilbúins bensíns úr kolum og rafgreindu vetni lítur þannig út:

$$15.000 \text{ kWh raforku} + 12.000 \text{ kWh kolaorku}$$

$$\rightarrow 12.100 \text{ kWh olíuorku}$$

Ef við breytum öllum liðum í þessari jöfnu í kolaorku með áður-nefndum stuðlum fáum við:

$$42.750 \text{ kWh kelaerku} + 12.000 \text{ kWh kelaerku} \\ \rightarrow 30.250 \text{ kWh kelaerku}$$

Segja má að þessi aðferð við framleiðslu bensíns hafi neikvætt erkjajafnvægi.

4.3 Bensín úr svartelju

Hér lítur erkjajafnan út á eftirfarandi máta:

$$2.000 \text{ kWh raforku} + 11.500 \text{ kWh hráelfuorku} \\ \rightarrow 12.100 \text{ kWh elfuorku}$$

Sé þessu breytt í kelaerku með viðeigandi stuðlum verður niðurstaðan þessi:

$$5.700 \text{ kWh kelaerku} + 19.550 \text{ kWh kolaorku} \\ \rightarrow 30.250 \text{ kWh kolaorku}$$

Samkvæmt þessum útreikningum má lífta sve á að vinnsla bensíns úr svartoliú hafi jákvætt erkjajafnvægi. Þessari framleiðslu má líkja við varmadælu, sem notar raforku til að hækka hitastigið á mun meiri varma. Algeng margfeldisáhrif varmadælna eru 3-4-föld, þ.e. 1 kWh raforku nýtist til að breyta 3-4 kWh lágvarma í varma við hærra hitastig. Við elfuhréinsunina eru notaðar 2.000 kWh raforku til að breyta 11.500 kWh efnaorku (svartoliú) í 12.100 kWh efnaorku (bensín) sem er hreinni og verðmeiri. Margfeldisáhrifin eru í þessu tilviki 6-föld.

5 Hagkvæmni

Erfitt er að bera saman hagkvæmni þess að framleiða ál með rafgreiningu, bensín úr kelum og rafgreindu vetni og bensín og aðrar ólfuvörur úr svarteliu en þeir eru rétt að gera tilraun til þess með þeim fyrirvara að kostnaðartölur eru allar nekkurri óvissu undirorpnar.

5.1 Álframleiðsla

Stofnkostnaður álvers er á bilinu \$2-4.000 á tonn álframleiðslu. Sé reiknað með viðbét við álverið í Straumsvík er kostnaðurinn nær \$2.000 en sé reist nýtt álveri nær \$4.000. Almennt gildir að stofnkostnaður nýs álvers er þeim mun meiri á framleiðslueiningu sem álverið er minna vegna hagkvæmni stærðarinnar. Í nýju álveri gæti stofnkostnaðurinn verið \$3.500 á tonn framleiðslu og raforkunotkunin 13.500 kWh á tonn framleiðslu. Lausleg áætlun um framleiðslukostnað áls í slíkri verksmiðju lítur þá þannig út:

Hráefni	\$ 800
Raforka \$0,0175/kWh	\$ 236
Stofnkostnaður og viðhald 14%	\$ 490
Launakostnaður*	\$ 200
	<hr/>
	\$1.726

Miðað við að fob verð á áli sé \$1575 á tonn er rekstrarhalli á þessu álveri \$151 á tonn eða um 9% af framleiðslukostnaði. Einnig má segja að álverið hafi \$339 upp í afskriftir og viðhald, eða 9,7% af stofnkostnaði.

Ef aftur á móti yrði ákveðið að stækka álverið í Straumsvík með stofnkostnaði sem námi \$2.000 á tonn framleiðslu og 16.000 kWh raforkunotkun á sama tonn liti dæmið þannig út:

Hráefni	\$ 800
Raforka \$0,0175/kWh	\$ 280
Stofnkostnaður og viðhald 14%	\$ 280
Launakostnaður **	\$ 250
	<hr/>
	\$1.610

Miðað við sama fob verð og áður er rekstrarhalli \$35 á tonn (2,2% af framleiðslukostnaði) eða álverið hefur \$245 upp í afskriftir og viðhald (12,25% af stofnkostnaði).

*Reiknað er með launakostnaði \$25.000 á mann og 125 tonna framleiðslu á mann.

**Reiknað er með launakostnaði \$25.000 á mann og 100 tonna framleiðslu á mann.

5.2 Tilbúið bensín úr kelum og rafgreindu vetni

Enn meiri óvissa ríkir um stefnkostnað verksmiðju, er framleiðir bensín úr kelum og rafgreindu vetni, en álvers því að framleiðsla af þessu tagi er enn á tilraunastigi. Nýlega tékst þó að fá upplýsingar um áætlaðan stefnkostnað slíkrar verksmiðju á Nýja-Sjálandi. Samkvæmt þeim kostar verksmiðja, sem framleiðir 420.000 tenn af metanéli úr jarðgasi (sem er 60% metan og 40% koltví-sýringur), \$150 milljónir en verksmiðja, sem framleiðir bensín úr 1.540.000 tonnum af metanéli, \$420 milljónir miðað við verðlag 1979. Ef kostnaður þessi er færður niður með veldisvísi $x=0,9$ samkvæmt fórmúlunni:

$$\frac{\text{Stefnkostnaður A}}{\text{Stefnkostnaður B}} = \left(\frac{\text{Afköst A}}{\text{Afköst B}} \right)^X$$

Fæst út fyrir verksmiðju sem framleiðir 110.000 tonn af bensíni:

Metanélverksmiðja	\$100 milljónir
Bensínverksmiðja	\$ 86 milljónir
Samtals	\$186 milljónir

Veldisvísisirinn 0,9 er sá stærsti sem hægt er að nota. Sé hins vegar notaður veldisvísisirinn 0,6, eins og oftast er mælt með við áætlanir um óliuhreinsun, verður niðurstaðan:

Metanélverksmiðja	\$114 milljónir
Bensínverksmiðja	\$146 milljónir
Samtals	\$260 milljónir

I framhaldinu verður lægri stefnkostnaðartalan notuð. Stefnkostnaðurinn er þá \$186 milljónir og ársframleiðsla 110.000 tonn af bensíni, þannig að stefnkostnaður á tonn framleiðslu er \$1.690. Æður hefur verið áætlað að stefnkostnaður rafgreina sé \$30 milljónir eða \$727 á tonn af bensíni. Samtals er því stefnkostnaðurinn um \$2.400 á tonn bensínframleiðslu. Lausleg rekstraráætlun lítur því þannig út:

Kel 1,57 tonn á \$60/tonn	\$ 94
Raforka 15.000 kWh á \$0,0175/kWh	\$262
Stefnkostnaður og viðhald 14%	\$336
Launakostnaður *	\$ 50
Samtals	\$742

Heimsmarkaðsverð á bensíni er nú \$360 á tonn þannig að nærrí lætur að hráefnið, kel og raforka kosti jafnmikið og afurðir efnagreindrar framleiðslu.

* Reiknað er með launakostnaði \$25.000 á mann og 500 tenna framleiðslu á mann.

5.3 Bensín úr svarteliú

Stefnkestnaður verksmiðju, sem þarf til að vinna bensín úr svarteliú, er óþekktur þar sem áætlun um að koma á fét verksmiðju af þessu tagi hefur aldrei verið gerð. Framleiðslu-aðferðin er samt vel pekkt og auðvelt yrði að fá nákvæma áætlun unna af sérfræðingum ef það þætti ekilegt. Það sem einkum veldur óvissu um stefnkestnaðinn er að ekki er ljóst hversu mikið geymslurými er nauðsynlegt í tengslum við verksmiðjuna til að geyma óunna svarteliú og hreinsaðar olíuafurðir. Einnig er ekki vitað hvaða tegund svarteliú ætti að nota og um hugsanlegan aukabúnað í verksmiðjunni fyrir utan rafgreina til að framleiða vetni og „hydrocracker“ til að framleiða bensín og gaseliú. Einnig er ekki ljóst hvort reikna eigi með útflutningi á unnum olíuvörum og þá samsvarandi stærri verksmiðju. Í eftirfarandi áætlun, sem byggir á bókinni „Petroleum Refining; Technology and Economics“, New York 1975, er reiknað með að unnið verði úr 600.000 tonnum af svarteliú árlega, eða 12.000 tunnum á dag. Til þess þarf að framleiða 24.000 tonn af vetni á ári og nota til þess 1.200 GWh raforku auk 63 GWh í verksmiðju. Samkvæmt töflu hér á eftir er heildarstefnkestnaður \$121 milljón. Taflan er gerð samkvæmt fyrirmælum í bókinni og er m.a. reiknað með 30% aukastofnkostnaði miðað við Mexíkóflóann vegna staðsetningar á Íslandi:

„Hydrocracker“	\$ 10,0	milljónir
Blöndunartæki	\$ 1,0	
Hreinsitæki	\$ 3,7	
Olfugeymar	\$ 16,8	
Gufukatlar	\$ 0,75	
Kælikerfi	\$ 0,125	
Alls	\$ 32,4	milljónir
	\$ 6,48	
Alls	\$ 38,88	milljónir
Land og annað 4%	\$ 1,56	
Alls	\$ 40,44	milljónir
Vegna staðsetningar 30%	\$ 12,13	
Alls	\$ 52,57	milljónir
Ófyrirséð 15%	\$ 7,89	
Alls	\$ 60,46	milljónir
Verðbreytingar 1973-80 100%	\$ 60,50	
Samtals	\$ 120,96	milljónir

Heildarbungi efnanna, sem netuð eru við framleiðsluna er 624.000 tonn. Heildarbungi afurðanna er sá sami en gert er ráð fyrir því að 24.000 tonnum sé brennt til eigin nota í verksmiðjunni en 600.000 tonn seld. Stefнkestnaður vetnis-verksmiðjunnar er \$60 milljónir og heildarstefnkestnaður því \$181 milljón eða \$300 á tonn framleiðslu. Gróf kostnaðaðaráætlun fyrir hvert tonn seldra afurða lítur þá þannig út:

Hráefni 1 tonn svartelfa	\$180
Raferka 2,100 kWh á \$0,0175/kWh	\$ 37
Stefnkostnaður og viðhald 14%	\$ 42
Rekstur olíuhreinsunar 5% af \$200	\$ 10
Launakostnaður *	\$ 12,5
 Samtals	 \$281,5

Reiknað er með að meðalverð afurða sé \$330 á tonn sem er varlega áætlað því að meirihluti framleiðslunnar yrði bensín sem að hluta yrði flutt út. Taflan hér á eftir sýnir verðskráningu á Røtterdammarkaði í júní 1980:

Háektan bensín	\$367,0/tonn
Venjulegt bensín	\$357,0/tonn
Potueldsneyti	\$338,0/tonn
Gaselífa	\$305,5/tonn
Svartelfa	\$153,5/tonn

Samkvæmt þessum útreikningum er rekstur verksmiðju sem framleiðir bensín, gaselíu og potueldsneyti úr svarteliu mjög hagkvæmur. Ágði er verulegur og mun meiri en í öðrum stóriðnaði sem um hefur verið rætt. Aður en lengra verður halddið er rétt að athuga þetta nánar og fá nákvæmari áætlun gerða af sérfréðum aðila. Í þessu sambandi er einkum mikilvægt að grennslast fyrir um gangverð vettis í olíuiðnaðinum því að það gefur vísbendingu um þann virðisauka sem hægt er að ná með notkun vettis til að bæta nýtni olíuhreinsunarstöðva. Í aðgerðaramsóknum er svonefnd línuleg „programming“ oft notuð til að hámarka arð af rekstri olíuhreinsunarstöðva. Með þeirri aðferðafræði fæst svokallað hulið verð (shadow price) hvers hráefnis í framleiðslunni. Ef þetta verð vettis er \$1.500 eða meira er það eindregin vísbending um að hagkvæmt kunni að vera fyrir okkur íslendinga að framleiða vettni með rafgreiningu og nota það til að breyta svarteliu í bensín og aðrar léttar olíuafurðir.

*Reiknað er með launakostnaði \$25.000 á starfsmann og 2.000 tonna framleiðslu á mann.

Viðauki: Olfuhreinsun

Olfuhreinsun


Framleiðsluferill í nýtisku olfuhreinsunarstöð er mjög margbretinn og erfitt er að brjéta hann upp í sjálfstæðar einingar sem hægt er að lýsa í fáum örðum.

Í hráeliu eru hundruð efnasambanda. Margvísleg tækni er notuð í olfuhreinsunarstöðvum til að aðskilja þessi efnasambönd og fá bannig étalmargar mismunandi afurðir en eiginleikar þeirra verða að uppfylla ákveðin eðlis- og efnafræðileg skilyrði. Í olfuhreinsunarstöð af fullri stærð er unnið úr 5-10 milljónum tonna af hráeliu árlega. Þessi mikla framleiðslugeta er nauðsynleg til að nýta að fullu hagkvæmni stærðarinnar. Hagkvæmnin kemur fram í betri orkunýtingu og minni rekstrarkostnaði á hverja framleiðslueiningu.

Meðfylgjandi mynd, sem tekin er úr békinni „Petroleum Refining; Technology and Economics“ og áður er minnst á, sýnir stærstu drættina í framleiðsluferli olfuhreinsunarstöðvar. Hráelian er hituð og eimuð í eimингarturni (1). Eimингarturninn skiptist í tvo hluta, fyrri hlutinn (a) vinnur við einnar loftþyngdar þrýsting en hinn síðari (b) við nærrí lofttæmi. Í fyrri hlutanum eimast léttari olíuafurðir úr og þær er hægt að nota að miklu leyti beint til íblöndunar í bensín, gaseliu og þotuelsneyti. Afgangurinn er það sem nefnist „topped crude“ og er líklega það sama og selt er hér á landi sem „rússnesk“ svartelía. Þessi afgangur er eimaður við líftinn þrýsting og fæst þá þung gaselia, „vacuum gas oil“ og mjög þung svartelía. Ef síðari eimingen ætti að fara fram við einnar loftþyngdar þrýsting væri nauðsynlegt hitastig svo hátt að olían myndi sundrast í kolefni og létt kolvetni sem ekki er eins hentugt að nota í bensín og gaseliu og þungu gaseliuna. Punga svartelían fer um einingar 2, „delayed coker“, og 3, „visbreaker“, og er síðan notuð ásamt þungu gaseliunni í einingum 4, „catalytic cracking“, og 5, „hydro-cracking“, til að framleiða olíuafurðir sem nothæfar eru í bensín og svartelíu.

Eins og fram kemur á myndinni fer einungis lítill hluti oliunnar sem unnin er í olfuhreinsunarstöðinni, um hverja af einingum 2, 3, 4 og 5. Algengast er að um einingu 5, „hydro cracker“, fari aðeins sjötti hluti oliunnar. Þessi eining notar vetni til að breyta þungri gaseliu og svartelíu í bensín, gaseliu og þotuelsneyti. „Hydro cracker“, sem notar 24.000 tonn af vetni til að breyta 600.000 tonnum af rússneskri svartelíu eða þungri svarteliu í bensín, gaselia og þotuelsneyti, væri því nánast af fullri stærð miðað við nýtisku olfuhreinsunarstöðvar þannig að hagkvæmni stærðarinnar ætti að nýtast að miklu leyti.

Fleðirit er sýnir framleiðsluferil elfuhreinsunarstöðvar



Refinery flow diagram

(

Viðauki: Rekstraráætlun

Lausleg rekstraráætlun fyrir „hydrcracker“ olíuhreinsunarstöð
árið 1987 á núgildandi verðlagi

Tekjur af sölu:

Bensín 112.000 tenn á \$360/tonn	\$40.320.000
Petuelsneyti 50.000 tenn á \$340/tonn	\$17.000.000
Gaselífa 189.000 tenn á \$310/tonn	\$58.590.000
Útflutt háektan bensín feb 249.000 tenn á \$340/tonn	\$84.660.000
Samtals	\$200.570.000

Rekstrarvörur:

Svartolífa 600.000 tenn á \$180/tonn	\$108.000.000
Raforka 1.263 GWh á \$0,0175/kWh	\$22.102.500
Ímislegt áætlað \$5/tonn	\$3.000.000
Rekstrarvörur alls	÷ \$133.102.500
Laun 300 starfsmanna \$25.000/ári	÷ \$7.500.000
Afskriftir \$180.000.000 á fimmtán árum	÷ \$12.000.000
Vextir af lánum 12% af \$150.000.000	÷ \$18.000.000
Rekstrarafgangur	\$29.967.500

Heimildir:

Petroleum Refining; Technology and Economics. James H. Gary
and Glenn E. Handwerk. Marcel Dekker, Inc., New York 1975.

Energy in Transition. A report on energy policy and future
options. Secretariat for future studies. Mans Lönneroth et al.,
Stockholm March 1977.

Energy, Volume 5, Number 4, April 1980.

Framleiðsla eldsneytis á Íslandi. Vinnuhépu um vetrni og vetrnis-
sambönd. Orkustefnun, maí 1980.